

laun Kristjáns Stefánssonar héraðsdómslögmanns, skipaðs verjanda síns, krónur 18.000,00.

Allan annan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, krónur 40.000,00, greiði ákærður William James að 3/6 hlutum, ákærður Ingvar Heiðar að 2/6 hlutum og ákærður Griffith David að 1/6 hlut.

Dómi ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 15. febrúar 1985.

Nr. 155/1983. **Almennar Tryggingar h/f**

(Guðmundur Pétursson hrl.)

gegn

Félagsstofnun stúdenta

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Lögbann. Verktrygging. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddson og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. ágúst 1983. Upphaflega gerði áfrýjandi þær dómkröfur, að hann yrði sýknaður að svo stöddu og honum dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti 13. þ.m. breytti hann kröfugerð sinni á þá lund, að hann krafðist staðfestingar hins áfrýjaða dóms að öðru leyti en málskostnaðarákvæðis hans. Þá krafðist hann málskostnaðar í héraði og fyrir hæstarétti.

Breyting þessi á kröfugerð áfrýjanda stafar af dómi Hæstaréttar 12. þ.m. í málinu nr. 146/1983: Þrotabú Byggingafélagsins Reynis h/f gegn Almennum Tryggingum h/f og Félagsstofnun stúdenta.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, var í fógetadómi Reykjavíkur hinn 22. desember 1982 lagt lögbann við því, að áfrýjandi, Almennar Tryggingar h/f, greiddu stefnda, Félagsstofnun stúdenta, við svo búið og þar til viðhlítandi gögn lægju fyrir um meint fjártjón kröfur þær, er stofnunin gerði um greiðslu tryggingarfjár vegna verksamninga um 1. og 2. áfanga endurbyggingar Nýja Garðs.

Meðan lögbann þetta stóð, var áfrýjanda, Almennum Tryggingum h/f, að viðlagðri refsingu skv. 29. gr. laga nr. 18/1949 um kyrrsetningu og lögbann óheimilt að greiða Félagsstofnun stúdenta hið umdeilda tryggingarfé. Málshöfðun stefnda, Félagsstofnunar stúdenta, með héraðsdómsstefnu, birtri 6. janúar 1983, á hendur Almennum Tryggingum h/f til greiðslu verktryggingarfjáris var því að ófyrirsynju. Að kröfu áfrýjanda verður héraðsdómur því staðfestur að öðru leyti en því, er málskostnað varðar. Eftir þessum málalokum verður stefndi því dæmdur til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, er ákveðst samtals 80.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að stefndi Félagsstofnun stúdenta, er dæmd til þess að greiða áfrýjanda, Almennum Tryggingum h/f, samtals 80.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. júlí 1983.

Mál þetta, sem var dómtekið 16. júní sl., hefur Félagsstofnun stúdenta, 2308-7081, Stúdentaheimilinu við Hringbraut í Reykjavík, höfðað fyrir dóminum þann 11. janúar 1983 á hendur Almennum Tryggingum h.f., 0267-3363, Síðumúla 39, Reykjavík, til greiðslu ábyrgðarfjár samkvæmt verktryggingu.

Með verksamningnum, dags. 12. mars og 6. júní 1982, tók Byggingafélagið Reynir h.f. að sér að annast 1. og 2. áfanga endurbyggingar Nýja

stúdentagarðsins fyrir stefnanda á grundvelli útboðs. Meðal skuldbindinga byggingafélagsins samkvæmt samningum þessum var loforð byggingafélagsins um útvegum verktrygginga frá Almennum Tryggingum h.f. að fjárhæð samtals kr. 400.000,00. Með verktryggingum, dags. 8. mars og 16. júní 1982, ábyrgðist stefndi stefnanda greiðslu á allt að kr. 400.000,00 sem tryggingu fyrir því, að Byggingafélagið Reynir h.f. innti af hendi samnings-skyldur sínar sem verktaki um 1. og 2. áfanga endurbyggingar Nýja Garðs í samræmi við samningsgögn þar að lútandi. Þegar fyrirsjáanlegt var, að byggingafélagið gæti ekki staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt verk-samningunum, gerðu aðilar samninganna með sér viðbótarsamning þann 21. september 1982, þar sem segir m.a.:

„Komi í ljós þegar gengið verður frá uppgjöri við lok verksins, að Byggingafélagið Reynir h.f. hafi fengið greitt fyrir verkið umfram það sem því ber samkvæmt tilboði þessu, að meðreiknuðum hugsanlegum dagsektum, mun Félagsstofnun stúdenta taka mismuninn af tryggingarfé vegna verksins án frekari viðvarana.“

Þann 2. nóvember 1982 tilkynnti byggingafélagið síðan stefnanda, að það gæti ekki lengur haldið áfram verki sínu, og þann 3. sama mánaðar krafði stefnandi stefnda um tryggingarféð. Bréfi félagsins, dagsettu þann dag, fylgdu m.a. lauslegar greinargerðir um forsendur kröfunnar. Þann 7. desember 1982 lágu síðan fyrir ítarlegar greinargerðir stefnanda um tjón hans, en samkvæmt þeim nam það verulega hærri fjárhæðum en svaraði tryggingarfénu. Greinargerðir þessar sendi stefnandi stefnda þann 8. desember 1982, og mánudaginn 13. sama mánaðar lýsti stefndi því yfir, að hann myndi greiða féð út daginn eftir. Dráttur varð á greiðslu, og þann 15. desember 1982 krafðist byggingafélagið þess fyrir fógetadómi Reykjavíkur, að lögbann yrði lagt við því, að Almennar Tryggingar h.f. greiddu Félagsstofnun stúdenta við svo búið og þar til viðhlitandi gögn lægju fyrir um meint fjártjón, kröfur þær, er stofnunin gerði um greiðslu tryggingarfjárins vegna verksamninga um 1. og 2. áfanga endurbyggingar Nýja Garðs. Af hálfu stefnda var lögbannskröfunni mótmælt, en þann 21. desember 1982 var kveðinn upp svolátandi úrskurður í fógetadómi Reykjavíkur. „Umbeð-in lögbannsgerð fer fram á ábyrgð gerðarbeiðanda gegn 15.000,00 króna tryggingu er gild verði metin.“ Þann 22. desember 1982 setti gerðarbeiðandi stefnda lögbannstryggingu, og var þá lögbannið lagt á í samræmi við kröfur gerðarbeiðanda.

Þann 27. desember 1982 krafði stefnandi stefnda greiðslu, en með bréfi, dags. 28. sama mánaðar, synjaði stefndi greiðslukröfu stefnanda á þeim grundvelli, að greiðsla yrði réttarbot af hálfu stefnda vegna lögbannsins.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 400.000,00 með 45% ársvöxtum frá 3. nóvember 1982 til 11.

janúar 1983, en með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Til vara er gerð krafa um, að upphafstími vaxtanna verði talinn vera 8. desember 1982, en allt annað óbreytt í kröfugerðinni.

Meginmálsástæða stefnanda er sú, að stefndi hafi lofað að greiða kröfuna. Hann telur lögbannið sér óviðkomandi, enda hafi hann ekki verið aðili að lögbannsmálinu. Hann telur sig fráleitt þurfa að sæta því, að utanaðkomandi aðili, sem enga aðild eigi að beinu greiðsluloforði stefnda til sín, fái lagt lögbann á efndir stefnda á því loforði. Hann telur, að borið hafi að synja lögbannskröfunni, enda gangi það fyrirkomulag, sem felst í verktryggingunni, gagnert út á, að verkkaupi geti sótt féð til verktryggjandans, hvað sem vilja og afstöðu verktaka til greiðslunnar líði og án þess að þurfa að bíða úrskurðar. En jafnvel þótt lögbannið hafi ranglega verið á lagt, telur stefnandi það enga þýðingu hafa gagnvart sér, þar sem hann eigi eftir sem áður lögvarða kröfu á hendur stefnda um efndir á greiðsluloforði hans þegar í stað.

Af stefnda hálfu er krafist sýknu að svo stöddu og refsímálskostnaðar úr hendi stefnanda fyrir tilefnislausu málsókn. Af stefnda hálfu er því haldið fram, að félagið megi ekki greiða kröfu sína við stefnanda, fyrr en lögbannið hafi verið fellt úr gildi, en enginn ágreiningur virðist vera um greiðsluskyldu stefnda að öðru leyti.

Af stefnda hálfu hefur verið skýrt frá því, að lögmaður félagsins hafi óskað eftir því við fógeta, að hann boðaði lögmann Félagsstofnunar stúdenta til þinghalds, áður en úrskurður yrði kveðinn upp svo að honum yrði gefinn kostur á að gæta réttar stofnunarinnar. Þessari ósk hafi lögmaður Félagsstofnunar stúdenta ekki sinnt. Lögmaður Félagsstofnunar stúdenta, sem flytur mál þetta, kannast við að hafa fengið upplýsingar um þinghald 17. desember 1982 í fógetadómi frá borgarfógetanum, en kveðst ekkert umboð hafa haft til þess að taka við þeirri tilkynningu.

Samkvæmt því, sem fram hefur komið í málinu, þykir stefndi ekki hafa sýnt fram á, að stefnandi hafi orðið aðili að nefndu ágreiningsefni fyrir fógetadómi, en hann hefur komið athugasemdum sínum að í staðfestingarmáli og mætti í því samkvæmt áskorun stefnda á grundvelli 52. gr. laga nr. 85/1936. Þegar af þessari ástæðu verður ekki talið, að stefnandi hafi orðið bundinn af úrlausn fógeta samkvæmt 195. gr., sbr. 223. gr. laga nr. 85/1936. Lögbannið var þannig hindrun greiðslu, sem stefndi bar ábyrgð á gagnvart stefnanda. Með dómi bæjarþingsins, uppkveðnum í dag, var lögbannið fellt úr gildi. Samkvæmt þessu þykir bera að fallast á kröfur stefnanda í málinu, þó þannig, að vextir verða einungis dæmdir frá 14. desember 1982.

Málskostaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 70.000,00.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Almennar Tryggingar h.f., greiði stefnanda kr. 400.000,00 með 45% ársvöxtum frá 14. desember 1982 til 11. janúar 1983, með 47% ársvöxtum frá þeim degi til 12. júlí 1983, en með hæstu innláns- vöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 70.000,00 í málskostnað.

Mánudaginn 18. febrúar 1985.

Nr. 119/1984. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Andrésí Haraldssyni

(Arnmundur Backman hrl.)

Ómerking. Ákæru vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Sigríður Ingvarsdóttir, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi, kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með áfrýjunarstefnu 3. janúar 1984. Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að ákærði verði dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins.

Ágrip málsgagna barst Hæstarétti 29. ágúst 1984.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þar á meðal endurrit dómsrannsóknar, sem fram fór í sakadómi Kópavogs 1. og 4. þ.m.

Verknaður sá, sem ákærða er gefinn að sök í máli þessu. mundi varða við 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.